

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/691

2016/EES/57/50

frá 4. maí 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun matvælaaukefna í æt kaseinöt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2203 ⁽³⁾ er sett fram skrá yfir matvælaaukefni sem má nota í æt kaseinöt. Sú tilskipun er endurútgáfa tilskipunar ráðsins 83/417/EBE ⁽⁴⁾ varðandi tiltekin mjólkurprótín (kasein og kaseinöt) sem ætluð eru til manneldis.
- 4) Í tilskipun (ESB) 2015/2203 eru tekin af tvímæli að því er varðar flokkun tiltekinna efna í ætum kaseinötum sem teljast til matvælaaukefna. Ákvæðin um matvælaaukefni í tilskipun (ESB) 2015/2203 ættu að endurspeglast í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 5) Æt kaseinöt tilheyra mjólkurafurðum. Sá flokkur er þó ekki tilgreindur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Af þessum sökum ætti að stofna matvælaflokkinn „Æt kaseinöt“ og aukefni, sem leyfð eru sem æt kaseinöt, ættu að falla þar undir ásamt viðkomandi notkunarskilyrðum.
- 6) Þessi tilfærsla tryggir skýrleika laga og með henni er ekki innleidd ný notkun matvælaaukefna. Rýmkuð notkun á þessum aukefnum telst uppfærsla á skrá Evrópusambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 7) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 5.5.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2203 frá 25. nóvember 2015 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kasein og kaseinöt, sem eru ætluð til manneldis, og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 83/417/EBE frá 25. júlí 1983 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekin mjólkurprótín (kasin og kaseinöt) sem ætluð eru til manneldis (Stjtið. EB L 237, 26.8.1983, bls. 25).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í D-hluta bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaflokk 01.8 „Mjólkurvörnhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurliki“:

„01.9	Æt kaseínót				
2)	Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við á eftir síðustu færslunni fyrir matvælaflokk 01.8 „Mjólkurvörnhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurliki“:				
„01.9	Æt kaseínót				
E 170	Kalsíumkarbónat			eftir þörfum	
E 331	Natríumsítrat			eftir þörfum	
E 332	Kalíumsítröt			eftir þörfum	
E 333	Kalsíumsítröt			eftir þörfum	
E 380	Triammóníumsítrat			eftir þörfum	
E 500	Natríumkarbónöt			eftir þörfum	
E 501	Kalíumkarbónöt			eftir þörfum	
E 503	Ammóníumkarbónöt			eftir þörfum	
E 504	Magnesiumkarbónöt			eftir þörfum	
E 524	Natríumhýdroxíð			eftir þörfum	
E 525	Kalíumhýdroxíð			eftir þörfum	
E 526	Kalsíumhýdroxíð			eftir þörfum	
E 527	Ammóníumhýdroxíð			eftir þörfum	
E 528	Magnesiumhýdroxíð			eftir þörfum	